

Norðurorka hf.
Ársreikningur 2020

Norðurorka hf.
Rangárvöllum
603 Akureyri

kt. 550978-0169

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar	9

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2020 námu kr. 3.362 millj. en voru kr. 3.238 millj. árið 2019 og hafa hækkað um 3,8% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 207 millj. í samanburði við kr. 348 millj. hagnað árið 2019. Rekstrarreikningur ársins sýnir að kostnaður lækkar sem m.a. skýrist af kostnaði vegna orkugjafa. Mikilvægt er að tekjur aukist áfram í takt við kostnað og fjárfestingar.

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nam kr. 1.547 millj. á árinu 2020. Áætlanir gera áfram ráð fyrir mikilli uppbyggingu í innviðum hitaveitukerfa en toppnum er náð og fjárfestingar fara nú lækkandi. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfa. Sérstaklega mikilvægt er nú að athyglin beinist í auknum mæli að viðhaldsáætlunum veitukerfa.

Á árinu 2020 voru tekin ný langtímalán að fjárhæð kr. 300 millj. sem að mestu voru nýtt í fjárfestingar fyrir hitaveitu og fráveitu. Rekstrarreikningurinn ber með sér að fjármagnskostnaður þyngist hjá félaginu í takt við auknar lántökur, auk þess sem gengismunur var verulega neikvæður á árinu.

Bókfært eigið fé félagsins í árslok nam kr. 12.394 millj. samkvæmt efnahagsreikningi. Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2020 var 70,6.

Hlutfé í árslok nam 846,7 milljónum kr. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Akureyrabær	410169-6229	832.000.000	98,27%
Hörgársveit	510101-3830	6.740.685	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur	640269-2279	3.844.886	0,45%
Grýtubakkahreppur	580169-2019	1.538.462	0,18%
Pingeyjarsveit	590602-2640	1.538.462	0,18%
Eyjafjarðarsveit	410191-2029	1.000.000	0,12%

Framtíðaráform og óvissuþættir í ytra umhverfi

Óvenjulegar aðstæður hafa skapast í þjóðfélaginu vegna kórónaveirunnar covid-19 og mikil óvissa hefur verið um efnahagsleg áhrif faraldursins. Covid-19 hefur ekki haft mikil áhrif á tekjur félagsins sem hafa vaxið milli ára og þær sóttvarnaraðgerðir sem félagið hefur gripið til hafa ekki valdið verulegum kostnaðarauka fyrir félagið.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 15% arður til hluthafa á árinu 2021, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2020 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykka ársreikninginn.

Akureyri, 23. mars 2021.

Stjórn

Erna Þorvaldsdóttir
Halldór Jóhannsson
Pingbjörg Þakker
Pi. W. Afalín
Fríðbjörg Jóhanna

Forstjóri

Helgi Johannsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurorku hf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020, efnahag þess 31. desember 2020 og breytingu á handbæru fé á árinu 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Norðurorku hf. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og forstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurorku hf. Ef við á skulu stjórn og forstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og forstjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðs endurskoðanda

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 23. mars 2021

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi



Níels Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrartekjur			
Sala	3	3.362.174	3.238.016
Rekstrargjöld			
Orkuflutningar		252.684	256.444
Laun og launatengd gjöld	4	688.395	655.087
Annar rekstrarkostnaður		1.066.810	1.102.078
Afskriftir	8	771.107	696.657
		<u>2.778.997</u>	<u>2.710.266</u>
Rekstrarhagnaður		583.177	527.751
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	5	(414.108)	(256.257)
Áhrif dótturfélags	9	(2.660)	62.063
Áhrif hlutdeildarféлага	10	39.542	25.342
Hagnaður fyrir tekjuskatt		205.951	358.899
Tekjuskattur	6,16	651	(11.351)
Hagnaður ársins		<u>206.602</u>	<u>347.548</u>
Hagnaður á hlut	7	0,24	0,41

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr.	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	17.048.137	16.273.869
Eignarhlutir í dótturfélagi	9	810.162	812.822
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	10	340.645	264.049
Eignarhlutir í öðrum félögum	11	10.871	10.100
Verðbréfaeign	12	7.682	9.603
Fastafjármunir samtals		<u>18.217.497</u>	<u>17.370.442</u>
Birgðir		237.654	193.933
Viðskiptakröfur	13	243.162	265.619
Kröfur á tengda aðila	18	54.098	69.332
Aðrar skammtímakröfur		6.327	29.961
Handbært fé	14	19.638	377.350
Veltufjármunir samtals		<u>560.879</u>	<u>936.195</u>
Eignir samtals		<u><u>18.778.376</u></u>	<u><u>18.306.637</u></u>
Eigið fé			
Hlutafé		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutafjár		268.225	268.225
Endurmatsreikningur		3.759.021	4.015.760
Annað bundið eigið fé		306.583	282.711
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags		(57)	(8.692)
Óráðstafað eigið fé		7.213.940	6.901.471
Eigið fé samtals	15	<u>12.394.375</u>	<u>12.306.138</u>
Skuldir			
Tekjuskattsskuldbinding	16	629.411	630.062
Vaxtaberandi langtímaskuldir	17	4.951.295	4.635.940
Langtímaskuldir samtals		<u>5.580.706</u>	<u>5.266.002</u>
Skuldir við lánastofnanir		0	20.013
Viðskiptaskuldir		237.268	285.370
Skuldir við tengda aðila	18	175.951	112.021
Næsta árs afborganir langtímaskulda	17	222.290	164.727
Aðrar skammtímaskuldir		167.786	152.365
Skammtímaskuldir samtals		<u>803.295</u>	<u>734.496</u>
Skuldir samtals		<u>6.384.001</u>	<u>6.000.499</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>18.778.376</u></u>	<u><u>18.306.637</u></u>

Sjóðstreymi ársins 2020

	Skýr.	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	15	206.602	347.548
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Sölutap (-hagnaður) eigna		900	(646)
Matsbreyting eignarhluta í félögum		2.257	0
Afskriftir	8	771.107	696.657
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda		252.990	103.014
Áhrif dótturfélags	9	2.660	(62.063)
Áhrif hlutdeildarféлага	10	(39.542)	(25.342)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting		(651)	11.351
Veltufé frá rekstri		<u>1.196.322</u>	<u>1.070.519</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun		(43.721)	(26.165)
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun		55.668	1.859
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		(45.886)	73.490
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>(33.939)</u>	<u>49.184</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.162.384</u>	<u>1.119.703</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	8	(1.547.175)	(2.087.002)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		900	726
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélögum		(38.410)	0
Arður frá hlutdeildarfélagi		9.991	13.452
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum		(3.028)	(728)
Afborgun skuldabréfa		1.921	1.921
Kröfur á tengda aðila, breyting		5.656	90.962
Fjárfestingahreyfingar		<u>(1.570.146)</u>	<u>(1.980.670)</u>
Fjármögnunahreyfingar			
Arður til hluthafa	15	(126.999)	(126.999)
Tekin ný langtímalán		300.000	786.000
Afborganir langtímalána		(180.072)	(128.162)
Skuldir við lánastofnanir, breyting		(20.013)	20.013
Skuldir við tengda aðila, breyting		77.134	89.893
Fjármögnunahreyfingar		<u>50.050</u>	<u>640.745</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(357.712)	(220.222)
Handbært fé í ársbyrjun		<u>377.350</u>	<u>597.572</u>
Handbært fé í lok ársins		<u>19.638</u>	<u>377.350</u>
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðar vaxtatekjur		4.937	15.970
Greiddir vextir		(164.641)	(157.657)
Greiddir skattar		0	(42.709)

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsreikningi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2020. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna þessa eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetnu verði eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var framkvæmt í árslok 2018.

d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu árum.

e. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu árum.

f. Hlutdeildarfélög

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

Skýringar

h. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

j. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. *Virðisrýrnun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörstegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýrnun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýrnun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild. Virðisrýrnun er gjaldfærð í rekstrarreikningi en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýrnun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörstegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýrnunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýrnun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýrnun hefði verið færð.

l. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörstegi.

Skýringar

3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2020	2019
Tekjur hitaveitukerfis	1.522.620	1.448.815
Tekjur vatnsveitukerfis	433.689	419.424
Tekjur rafveitukerfis	796.637	783.451
Tekjur fráveitukerfis	474.125	454.759
Metangas	45.354	41.086
Aðrar tekjur	89.748	90.481
	<u>3.362.174</u>	<u>3.238.016</u>

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2020	2019
Laun	623.606	590.703
Mótframlag í lífeyrissjóði	82.984	79.773
Önnur launatengd gjöld	56.273	55.425
Annar starfsmannatengdur kostnaður	16.986	17.498
Kostnaðarverð eigin vinnu	(91.453)	(88.312)
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>688.395</u>	<u>655.087</u>

Fjöldi ársverka	70,6	70,6
-----------------------	------	------

Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra	22.684	22.386
---	--------	--------

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2020	2019
Vaxtatekjur og arður	4.937	15.970
Vaxtagjöld og verðbætur	(315.530)	(265.490)
Gengismunur	(92.743)	(6.736)
Matsbreyting eignarhluta í félögum	(2.257)	0
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(8.516)	0
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(414.108)</u>	<u>(256.257)</u>

6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2020	2019
Hagnaður fyrir tekjuskatt	<u>205.951</u>	<u>358.899</u>
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	20,00% 41.190	20,00% 71.780
Áhrif dóttur- og hlutdeildarfélaganna	(3,58%) (7.376)	(4,87%) (17.481)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(16,96%) (34.920)	(11,97%) (42.951)
Aðrir liðir	0,00% 4	0,00% 4
Virkur tekjuskattur	<u>(0,32%) (651)</u>	<u>3,16% 11.351</u>

Skýringar

7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár.

	2020	2019
Hagnaður ársins	206.602	347.548
Vegið meðaltal hlutafjár	846.662	846.662
Hagnaður á hlut	0,24	0,41

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	11.521.134	3.454.273	4.456.172	4.406.562	3.047.674	26.885.815
Afskrifað samtals	(4.248.763)	(2.069.924)	(2.376.092)	(496.308)	(1.420.858)	(10.611.945)
Bókfært verð í ársbyrjun	7.272.371	1.384.348	2.080.080	3.910.254	1.626.815	16.273.869
Keypt á árinu	743.567	121.568	128.451	352.986	200.603	1.547.175
Selt og aflagt á árinu	0	(1.800)	0	0	0	(1.800)
Afskrifað á árinu	(317.447)	(87.819)	(113.858)	(103.678)	(148.306)	(771.107)
Bókfært verð í árslok	7.698.491	1.416.298	2.094.673	4.159.563	1.679.113	17.048.137
Afskriftarhlutföll	2,5 - 5 %	2,5 - 6 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími	20 - 40 ár	17 - 40 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2018 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum félagsins.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar voru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir (frh)

Fasteignamat og váttryggingaverð

Váttryggingaverð, fasteignamat og bókfært verð í árslok nam eftirtöldum fjárhæðum:

Váttryggingaverð veitukerfa og virkjana	47.890.454
Bókfært verð veitukerfa og virkjana	15.369.025
Váttryggingaverð fasteigna	3.332.036
Fasteignamat fasteigna	1.428.582
Fasteignamat lóða	379.697
Bókfært verð fasteigna	1.215.618
Váttryggingarverð lausafjármuna	302.290
Bókfært verð lausafjármuna	463.495

9. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti í árslok 2020 dótturfélagið Fallorku ehf., og var eignarhluturinn 100%. Nafnverð eignarhutarins nam kr. 314,5 millj. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins var neikvæð um kr. 2,7 millj. samkvæmt rekstrarreikningi þess og bókfært verð eignarhutarins í árslok 2020 nam kr. 810,2 millj. Félagið á 100% eignarhlut í Vistorku ehf. og Orkey ehf. en þeir eignarhlutir eru færðir meðal eignarhluta í öðrum félögum.

10. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri	33,33%	53.860	74.891	13.010
Tengir hf., Akureyri	38,41%	115.233	265.754	26.532
			<u>340.645</u>	<u>39.542</u>

11. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri	6,37%	3.846	0
Hrafnabjargavirkjun hf., Akureyri	48,75%	16.331	0
Íslensk orka ehf., Akureyri	29,25%	2.108	0
Netorka hf., Hafnarfirði	7,73%	770	4.864
Orkey ehf., Akureyri	100,00%	3.500	3.500
Vaðlaböð ehf., Akureyri	33,33%	2.000	2.000
Vistorka ehf., Akureyri	100,00%	500	500
Aðrir eignarhlutir		8	8
Bókfært verð í árslok			<u>10.871</u>

Skýringar

12. Verðbréfaeign

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjaldsdagi bréfsins árið 2024.

13. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Viðskiptakröfur	252.162	275.719
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(9.000)	(10.100)
	<u>243.162</u>	<u>265.619</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun	10.100	10.800
Tapaðar kröfur á árinu	(1.196)	(2.394)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	96	1.694
Niðurfærsla í árslok	<u>9.000</u>	<u>10.100</u>

14. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	31.12.2020	31.12.2019
Sjóður og bankainnstæður	19.638	377.350
Handbært fé samtals	<u>19.638</u>	<u>377.350</u>

15. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Annað bundið eigið fé samanstendur af hlutdeild í hagnaði hlutdeildarféлага sem hefur ekki verið úthlutað í formi arðs á undirritunardegi.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Annað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun	846.662	268.225	4.015.760	6.901.471	274.020	12.306.138
Arður til hluthafa				(126.999)		(126.999)
Upplausn endurmats			(256.739)	256.739		0
Gengismunur v þýðingar					8.634	8.634
Hlutdeildartekjur				(23.872)	23.872	0
Hagnaður ársins				206.602		206.602
Eigið fé í árslok	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>3.759.021</u>	<u>7.213.940</u>	<u>306.526</u>	<u>12.394.375</u>

Skýringar

15. Eigið fé (frh)

	31.12.2020	31.12.2019
Annað eigið fé greinist þannig:		
Annað bundið eigið fé	306.583	282.711
Þýðingarmunur	(57)	(8.692)
	<u>306.526</u>	<u>274.020</u>

16. Tekjuskattsskuldbinding

	31.12.2020	31.12.2019
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:		
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun	630.062	618.711
Reiknaður tekjuskattur ársins	(652)	11.351
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>629.411</u>	<u>630.062</u>

Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:

Varanlegir rekstrarfjármunir	652.341	639.283
Birgðir	2.377	1.939
Viðskiptakröfur	722	742
Frestaður gengismunur	(12.815)	(1.117)
Yfirfæranlegt tap	(13.214)	(10.785)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>629.411</u>	<u>630.062</u>

17. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	31.12.2020	31.12.2019
Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:		
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR	783.100	681.050
	<u>783.100</u>	<u>681.050</u>
Skuldir í íslenskum krónum	4.390.486	4.119.618
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	5.173.586	4.800.668
Næsta árs afborganir	(222.290)	(164.727)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>4.951.295</u>	<u>4.635.940</u>

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2021	222.290
Árið 2022	289.568
Árið 2023	296.978
Árið 2024	279.577
Árið 2025	260.406
Síðar	<u>3.824.767</u>
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	<u>5.173.586</u>

Skýringar

18. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru einnig: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

Önnur viðskipti við tengda aðila

	2020	2019
Sala á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	249.453	251.509
Aðrir hluthafar	18.778	19.590
Dótturfélag	24.970	26.025
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	7.687	10.552
	<u>300.887</u>	<u>307.675</u>
Kaup á vöru og þjónustu		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	84.181	111.222
Aðrir hluthafar	2.512	8.409
Dótturfélag	155.528	142.762
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	30.424	24.668
	<u>272.645</u>	<u>287.060</u>

Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2020	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins	43.305	(6.234)
Aðrir hluthafar	4.391	(1.102)
Dótturfélag	3.171	(168.616)
Hlutdeildarfélög og önnur tengd félög	3.231	0
	<u>54.098</u>	<u>(175.951)</u>
Skuldabréfaeign:		
Hlutdeildarfélög	7.682	

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 1,5 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 110 þús. Þá greiddi Norðurorka hf. dótturfélagi sínu vexti að fjárhæð kr. 1,5 millj.

19. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2020	2019
EBITDA	1.354.284	1.224.408
Veltufjárlutfall	0,70	1,27
Eiginfjárlutfall	66,0%	67,2%
Arðsemi eigin fjár	1,67%	2,85%
Innra virði	14,64	14,53